



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

ANNAR KAFLI

MÁL M.A. gegn ÍSLANDI

(Númer kæru 59813/19)

DÓMUR

8. gr. • Jákvæðar skyldur • Einkalíf • Ekki hafi tekist að há árangursríka rannsókn á kærum kærands fyrir heimilisofbeldi • Tafir og ruglingur innan stjórnsýslu hafi leitt til þess að brot fyrndust

14. gr. (+ 3. gr. og 8. gr.) • Mismunur • Meint mismunur á grundvelli kyns við meðhöndlun heimilisofbeldismála • Löggjöf og stefnumótun sett til að stemma stigu við kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi • Ekki nægilegar *prima facie* sannanir fyrir kerfisbundinni hlutdrægni eða óhóflegum áhrifum til að velta sönnunarbyrðinni yfir á ríkið.

Tekið saman af skráningarstofunni. Er ekki bindandi fyrir dómstólinn.

STRASSBORG

26. ágúst 2025

Þessi dómur verður kominn í endanlega mynd í þeim kringumstæðum sem lagðar eru fram í 2. mgr. 44. gr. sáttmálans. Hann gæti tekið breytingum við endurskoðun.

MÁL M.A. gegn ÍSLANDI

Er Mannréttindadómstóll Evrópu (önnur deild), þar sem dómur situr sem samsettur af:

Arnfinn Bårdsen, *forseta*,

Saadet Yüksel,

Tim Eicke,

Gediminas Sagatys,

Stéphane Pisani,

Juha Lavapuro, *dómurum*,

Ragnhildi Helgadóttur, tímabundið skipaður dómari,

og Hasan Bakırc, ritara deildarinnar,

Varðandi:

kærana (59813/19) gegn lýðveldinu Íslandi sem Íslendingur, fr. M.A. („kærandinn“) lagði fram við dóminn í samræmi við 34. grein sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis („sáttmálans“) þann 8. nóvember 2019,

þá ákvörðun að gera íslenskum stjórnvöldum („stjórnvöldum“) viðvart um þær kærur sem varða ásakanir um ófullnægjandi rannsókn á heimilisofbeldi og kynbundna mismunun og að greina frá því að ekki verði tekinn til greina sá hluti kærunnar sem eftir er;

ákvörðunina um að ljóstra ekki upp nafni kærandans,

úrsögn Oddnýjar Mjallar Arnardóttur, dómarans sem valinn var fyrir Ísland, frá málinu (28. reglan í regluverki dómstólsins), og skipan Ragnhildar Helgadóttur sem tímabundinn dómari (töluliður 4 í 26. gr. sáttmálans og töluliður 1 í 29. reglu),

athugasemdir aðilanna,

Eftir að hafa rökrætt málið í einrúmi þann 8. júlí 2025,

Kveður hann upp eftirfarandi dóm sem var samþykktur þann dag:

INNGANGUR

1. Málið varðar það meinta brot íslenskra stjórnvalda að há ekki árangursríka rannsókn á kærnum kæranda um heimilisofbeldi, sem og meinta kynbundna mismunun við meðhöndlun slíkra mála. Kærandinn lagði fram kærnu í samræmi við 3. og 8. gr. sáttmálans, sem teknar eru fyrir einar og sér og í samhengi við 14. gr.

MÁLSATVIK

2. Kærandinn er fæddur árið 1972 og býr í Kópavogi. Lögmaður hennar fyrir dómi var Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögfræðingur sem starfar í Reykjavík.

3. Lögmaður stjórnvalda var upprunalega fulltrúi þeirra, Einar Karl Hallvarðsson, og síðar Fanney Rós Þorsteinsdóttir.

4. Samantekt á málsatvikum hljóðar svo.

I. MEINT OFBELDI

5. Í desember 2017 lagði kærandinn fram kæru til lögreglu gegn fyrrverandi kærasta sínum, H.M.S., í tengslum við tvö aðskilin líkamsárásaratvik sem voru að sögn framin í febrúar og júlí 2016, sem og hótun sem var beint að henni í maí 2017.

6. Hið fyrsta af þessum meintu brotum átti sér stað á heimili kærasta hennar þann 29. febrúar 2016. Samkvæmt kærandanum var það á meðan rifrildi stóð yfir sem hann hrinti henni með því að þrýsta á bringu hennar og ýtti henni fram og til baka með því að toga í hana og ýta henni til skiptis. Annað af þessum meintu brotum átti sér stað á sameiginlegu heimili þeirra þann 4. júlí 2016. Kærandinn hélt því fram að H.M.S. hefði stjakað við bringu hennar, þröngvað henni út af baðherbergi og reynt síðar að taka af henni töskuna hennar. Á meðan þetta rifrildi stóð yfir, að því er fullyrt er, hrinti hann henni, ýtti henni fram og til baka og togaði hana áfram með því að taka í töskuna.

7. Í kjölfarið á báðum atvikum leitaði kærandinn sér lækniáðstoðar og meiðsli hennar voru skjalfest. Eftir að atvikið átti sér stað í febrúar sagði læknir að hann grunaði að hún væri með brotna tá og óskaði eftir röntgenmyndum sem voru ekki afgerandi. Eftir atvikið í júlí tók kærandinn ljósmyndir af áverkum sínum.

8. Upphaflega hafði kærandinn samband við lögregluna í janúar 2017 en hún vildi ekki á þeim tímapunkti leggja fram formlega kæru. Þann 4. maí 2017, eftir að hann komst að því að hún hefði haft samband við lögregluna, hótaði H.M.S. að senda persónulegar myndir af henni til vinnuveitanda hennar.

II. RANNSÓKN LÖGREGLU

9. Aðalrannsóknardeild lögreglunnar sem rannsakar alvarleg ofbeldis- og kynferðisbrot, framkvæmdi frummat áður en hún færði málið yfir til lögreglustöðvar þar sem yfirleitt er fjallað um heimilisofbeldismál. Þann 14. febrúar 2018 vísaði lögregluþjónn á stöðinni málinu aftur til aðalrannsóknardeildarinnar með þeim rökstuðningi að rannsókninni ætti að ljúka þar sem hún hafði verið hafin. Í mars 2018 var málið rætt og meint brot greint á deildarfundum áður en því var aftur skilað til lögreglustöðvarinnar til rannsóknar. Á meðan rannsóknin í kjölfarið stóð yfir sendi viðkomandi saksóknari málið til baka til frekari rannsóknar 22. október 2018 og 14. febrúar og 28. mars 2019. Í hvert sinn benti saksóknarinn á að málið væri gamalt og að hefja ætti rannsóknina án tafar.

10. Kærandinn var yfirheyrður á lögreglustöð þann 3. mars 2018 og fór yfir smáatriði varðandi meintar líkamsárásir. Önnur yfirheyrsla átti sér stað símileiðis þann 25. maí 2018 í tengslum við hótanirnar og þann 3. apríl 2019 varðandi líkamsárásirnar og áverka hennar.

11. Snemma í júní 2018 sendi kærandinn tölvupósta til rannsóknaraðilans þar sem hún lýsti áhyggjum yfir því að fyrningarfrestur í máli hennar kynni að renna út. Þann 7. júní svaraði rannsóknaraðilinn og sagði: „Ég skil sjónarmið þitt og ég mun halda áfram með málið um leið og mér er það fært,“ og spurði hvort kærandinn væri með nýtt símanúmer fyrir H.M.S.. Þann 12. júní fræddi rannsakandinn kærandann um að tilraunir til að ná sambandi við H.M.S. hefðu verið árangurslausar. Lögregluskýrslur gefa til kynna að H.M.S. hafi verið boðaður í yfirheyrslu þann 12. júlí en ekki mætt. Önnur stefna var send út og á endanum var H.M.S. yfirheyrður þann 27. ágúst. Samkvæmt stjórnvöldum gáfu tölvupóstasamskiptin það til kynna að sumarleyfi rannsóknaraðilans hefði átt sinn þátt í því að H.M.S. var ekki yfirheyrður fyrr en í lok ágúst.

12. Í yfirheyrslum viðurkenndi H.M.S. að hluta til að hafa snert kærandann líkamlega þegar atvikið í júlí 2016 átti sér stað. Hann sagði að í kjölfar orðaskipta hefði kærandinn byrjað að slá hann og að þá hefði hann tekið um handleggi hennar og ýtt henni inn í stofuna. Hann viðurkenndi að hún hefði fengið marbletti á handleggina út frá þessu og sagðist sjá eftir því. Hins vegar vísaði hann á bug þeirri lýsingu kærandans sem hún setti fram í kæru sinni og kannaðist ekki við að neitt rifrildi hefði átt sér stað í febrúar 2016. Hvað varðar hótunina um persónulegu ljósmyndirnar viðurkenndi hann að hafa komið fram með hótunina en fullyrti að hann hefði aldrei ætlað að standa við hana.

13. Á milli 24. október 2018 og 11. mars 2019 tók lögreglan skýrslu af fjórum vitnum sem voru sum hver yfirheyrð oftar en einu sinni. Vitnin báru þess vitni að hafa séð áverkana á kærandanum í kjölfar atvikanna í febrúar og júlí 2016 og tvö þeirra sögðust hafa orðið vitni að því þegar H.M.S. ýtti kærandanum upp að hurð í júlí 2016.

III. ÁKVÖRÐUN STAÐARYFIRVALDA.

14. Þann 23. apríl 2019 hætti lögregla rannsókninni. Varðandi meinta líkamlega ofbeldið var niðurstaða lögreglu sú að þar sem H.M.S. hafi ekki verið yfirheyrður fyrr en í ágúst 2018 hafi tveggja ára fyrningarfresturinn fyrir brot skv. 217. gr. almennra hegningarlaga verið útrunninn. Tiltæk sönnunargögn voru ekki talin duga til að renna stöðum undir ákvörðun um málsókn skv. grein 218b varðandi heimilisofbeldi.

15. Kærandinn áfrýjaði þessari ákvörðun til Ríkissaksóknara sem staðfesti ákvörðunina varðandi líkamsárásirnar og staðfesti það að brotin væru fyrnd þar sem H.M.S. var yfirheyrður í tengslum við málið þann 27. ágúst 2018. Því hefði fyrningarfresturinn verið liðinn þegar skýrsla var tekin af honum. Ríkissaksóknarinn úrskurðaði jafnframt að þó svo að ásakanir kærandans væru studdar af sönnunargögnum væri ekki hægt að beita grein 218b afturvirkkt varðandi hina meintu líkamsárás í febrúar 2016 og að atvikið í júlí 2016 dygði ekki eitt og sér til þess að uppfylla viðmiðið um ítrekaða eða

stórfellda hegðun sem nauðsynleg er til að virkja grein 218b. Hins vegar ógilti Ríkissaksóknari ákvörðun lögreglunnar í tengslum við hina meintu hótun og fyrirskipaði að hefja bæri rannsókn skv. 233. gr. almennra hegningarlaga.

16. Þann 12. nóvember 2019 gaf lögreglan út ákæru fyrir hótunina. H.M.S. var sakfelldur fyrir þetta brot fyrir Héraðsdómi Reykjaness þann 7. júlí 2020. Áfrýjunardómstóllinn staðfesti dóminn yfir honum þann 17. september 2021 og benti á að sú staðreynd að hótuninni var beint að fyrrverandi sambýliskonu sinni gerði brotið alvarlegra.

17. Í ágúst 2021 bað Ríkislögreglustjóri, sem hafði verið yfirmaður lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á meðan rannsóknin í máli kærandans stóð yfir, kærandann opinberlega afsökunar fyrir það hvernig farið hefði verið með mál hennar. Sér í lagi viðurkenndi hann að verklagsreglur hefðu leitt af sér fyrningu í tilfelli líkamsárásanna.

VIÐKOMANDI LAGARAMMI

I. LAGARAMMI INNAN LANDS

A. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

18. 65. gr. kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til m.a. kynferðis. Önnur efnisgrein kveður á um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

B. Almenn hegningarlög Nr. 19/1940

1. Ákvæði varðandi líkamsárás

19. 217. gr. kveður á um eftirfarandi:

„Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 6 mánuðum, en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð.“

20. 218. gr. kveður á um eftirfarandi:

„Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar áráðarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru.“

Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.“

2. Ákvæði um heimilisofbeldi

21. Grein 218b, sem innleidd var í almenn hegningarlög með breytingarlögum nr. 23/2016 og sem var í gildi frá 5. apríl 2016, kveður á um eftirfarandi:

„Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Ef brot er stórfelld getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfelld líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur ber að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda“.

22. Greinargerðin við lög nr. 23/2016 kemur því á hreint að þó svo að grein 218b dragi það fram að ekki beri að líta á heimilisofbeldi sem röð af einangruðum atvikum heldur sem óslitið ástand sem skapar andrúmsloft ógnar og ótta geti stakt atvik, sé það nógu alvarlegt, einnig haft í för með sér refsíabýrgð samkvæmt ákvæðinu. Enn fremur kemur fram í henni að þær verknaðaraðferðir sem kann að vera beitt við heimilisofbeldi hafi ekki takmarkast við líkamlegt ofbeldi, hótanir, frelsissviptingu eða þvingun heldur geta þær einnig falið í sér form af félagslegu, andlegu og efnahagslegu ofbeldi.

23. 233. gr. kveður á um að hver, sem hefur í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

24. Grein 233b kveður á um að sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum.

3. Almenn ákvæði

25. 2. gr. kveður á um að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skuli dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum.

26. Grein 70(3) kveður á um að þegar brot er framið gegn manneskju sem er nákominn gerandanum og eðli sambands þeirra er talið hafa aukið við alvarleika brotsins beri alla jafna að líta á það til þyngingar refsingar þegar hegning er tiltekin.

27. 81.gr. kveður á um fyrningarfrest: tvö ár þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 1 árs fangelsi, fimm ár þegar ekki liggur þyngri refsing

við broti en 4 ára fangelsi, tíu ár þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en 10 ára fangelsi og fimmtán ár þegar þyngsta refsing við broti er meira en 10 ára tímabundið fangelsi.

28. 82. gr. kveður á um að fyrningarfrestur rofni þegar rannsókn sakamáls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Samkvæmt greinargerðinni við viðbótina frá 1998 rofnar fyrningarfresturinn þegar opinber rannsókn gegn tiltekinni manneskju sem sakborningi gefst, sem getur gerst á ýmsan hátt, þar á meðal með handtöku, gæsluvarðhaldi, leit, þvingunarráðstöfunum eða yfirheyrslu vegna gruns um refsivert athæfi. Sönnunarbyrðin varðandi rofnun fyrningarfrests hvílir hjá ákærvaldinu.

C. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

29. Þessi lög fela í sér ítarleg ákvæði varðandi rannsókn sakamála og ákæror. Þar á meðal eru kröfur um að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er (53. gr.), að lögregla skuli hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki (52. gr.) og að sönnunarbyrði um sekt ákærða hvíli á ákærvaldinu (108. gr.). Þau kveða einnig á um að saksóknari geti, eftir að hafa fengið gögn máls í sínar hendur, mælt fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir af hálfu lögreglu ef hann telur þess þörf (57. gr.) og að ekki beri að höfða mál nema hann telji það sem fram er komið nægilegt eða líklegt til sakfellis (145. gr.).

30. 41. gr. kveður á um að skylt sé lögreglu að tilnefna brotapolum í kynferðisbrotamálum réttargæslumann sé þess óskað, og í öllum tilfellum þar sem brotapol er undir átján ára aldri. Í málum sem varða heimilisofbeldi skuli lögreglan einnig tilnefna réttargæslumann þegar það er talið nauðsynlegt. Við upphaf dómsmeðferðar skal dómstóllinn tilnefna réttargæslumanninn.

D. Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011

31. Lögin gera ráð fyrir útgáfu nálgunarbanna þar sem rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotþola, eða hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotþola (4. gr.). Heimilt er einnig að handtaka geranda og vísa honum af heimili ef rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot, eða hætta sé á því að hann fremji tiltekin refsiverð brot, þar á meðal kynferðislegt og líkamlegt ofbeldi, sem og brotin samkvæmt greinum 233 og 233b og, eftir að hún var í lög leidd, grein 218b í almennum hegningarlögum (5. gr.).

II. EVRÓPURÁÐIÐ

32. Eftirlitsnefnd Evrópuráðsins með Ístanbúl-samningnum sem felur í sér aðgerðir og baráttu gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum

(GREVIO) gat þess í grunnmatsskýrslu sinni um löggjöf og aðrar aðgerðir til að innleiða ákvæði samnings Evrópuráðsins til að koma í veg fyrir, og berjast gegn, ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samningsins) á Íslandi, GREVIO/Inf(2022)26, sem gefin var út þann 14. nóvember árið 2022, að staðalmyndir kynja væru enn til staðar og að enn væri þörf á að takast á við ofbeldi gegn konum á Íslandi, á sama tíma og hún beindi athygli að „skýrum vilja og skuldbindingu“ íslenskra stjórnvalda til þess að „berjast gegn ofbeldi gagnvart konum [og] því að setja baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna í forgang“ (tölul. 2-3). Hún fagnaði stöðu Íslands árið 2021, í tólfta árið í röð, efst á listanum Global Gender Gap Index og haldi íslenskum stjórnvöldum fyrir að „festa í sessi opinberlega viðhorf um jafnrétti kynjanna á öllum sviðum stjórnunar og stefnumörkunar“ (16. tölul.).

33. Hvað varðar samræmdar og heildstæðar aðgerðir til að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum gat GREVIO þess að „fyrsta aðgerðaráætlunin varðandi heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi gegn konum [hafi verið] innleidd árið 2006“ og að í kjölfarið hafi fylgt fleiri aðgerðaráætlanir varðandi kynbundið ofbeldi, þar sem athyglin beinist að því að berjast gegn ofbeldi og kynferðisofbeldi gegn konum og börnum, og þar sem miðað er að því að bæta lagalega stöðu og aðstöðu brotþola. Einnig var lögð áhersla á að „styrkja forvarnir gegn ofbeldi“ (30. tölul.).

34. Hvað varðar gagnasöfnun í tengslum við ofbeldi gegn konum benti GREVIO á að samkvæmt stjórnvöldum væri slíkum upplýsingum „ekki safnað á einum stað eins og er“ og að „ekki [væri] hægt að öðlast neina yfirsýn yfir umfang þeirra mismunandi tegunda ofbeldis sem Istanbul-samningurinn nær yfir á Íslandi“. Engu að síður safnaði lögreglan upplýsingum um heimilisofbeldi „sundurflokkað eftir kyni, aldri, þjóðerni, tegund og staðsetningu brots og sambandi gerandans við brotapolann“. Tölfræði um kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi, þar á meðal þróun frá ári til árs, var birt á vefsíðu lögreglunnar og uppfærð á hverjum ársfjórðungi. Heilt yfir höfðu lögreglan og saksóknarar „gegnheilt kerfi til staðar til að skrá tilkynnt kynferðisofbeldis- og heimilisofbeldisbrot“. Hins vegar harmaði GREVIO að „engum gögnum [væri] safnað eða komið í opinbera birtingu varðandi ákærur eða dóma“ [tölul. 53-55].

35. Hvað varðar efnisleg refsiréttarákvæði og upphaf málsmeðferðar, lét GREVIO í ljós ánægju með að almenn hegningarlög á Íslandi kveði á um *ex officio* upphaf málsmeðferðar í tengslum við öll þau brot sem talin voru upp í 1. málsgrein 55. greinar Istanbul-samningsins (286. tölul.). Einnig benti hún á löggjafarþróun í kjölfar skýrslu frá árinu 2012 varðandi það hversu vel almennu hegningarlögin féllu að sáttmálanum og gat þess að sú þróun gæfi til kynna „alvarlega skuldbindingu Íslands til þess að takast á við ofbeldi gegn konum og stemma stigu við refsileysi“ (192. tölul.). GREVIO-nefndin benti á að, að frátalinni einni undantekningu, væru refsíþyngingaraðstæðurnar í 46. gr. sáttmálans hluti af íslenskri löggjöf, annað hvort í 70. gr. almennra hegningarlaga eða sem hluti af refsiréttarákvæðum (234. tölul.). Einnig

fagnaði hún innleiðingu hinnar nýju greinar 218b og benti á dómsmálalega skýringu á þröskuldinum fyrir beitingu hennar í tilfellum þar sem um eitt ofbeldisatvik væri að ræða. Hins vegar gat hún þess að andlegt ofbeldi sem ætti sér stað milli lífsförunauta sem ekki bjuggu á sama stað félli ekki undir þessa löggjöf og að árangur hennar í því að veita vernd gegn andlegu ofbeldi væri ekki enn sjáanlegur. (tölul. 193 og 199).

36. Hvað varðar viðbrögð löggæslufirvalda fagnaði GREVIO-nefndin útgáfu verklagsreglna fyrir lögregluþjóna í heimilisofbeldismálum af hálfu Ríkislögreglustjóra „allt frá árinu 2005“, sem uppfærðar voru síðan árin 2014 og 2018. Hún var þess fullviss að þessar verklagsreglur væru „heildstæðar og útveguðu góða mynd af góðum starfsvenjum sem væru í samræmi við ákvæði Ístanbúl-samningsins“, en benti reyndar á að innleiðing þeirra væri „enn óregluleg og [að] frekari viðleitni [væri] þörf í þeim efnum“ (242. tölul.). Einnig benti hún á útgáfu Ríkissaksóknara árið 2017 á tilmælum um að setja í forgang rannsókn nauðgunarmála, mála þar sem ofbeldi gegn börnum eða í nánnum samböndum ætti sér stað og útgáfu árið 2018 á tilmælum varðandi innleiðingu á staðlaðri og tímasettri rannsóknaráætlun fyrir slík mál (251. tölul.). GREVIO-nefndin gat þess enn fremur að „í kjölfar rannsóknar frá 2013 og 2014 þar sem fram kom að sýknuðni í kynferðisbrotamálum væri há á Íslandi hefði aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrotamála verið leidd í lög af þinginu árið 2017“ sem fól í sér „nokkrar aðferðir við að bæta úr málunum, sem sér í lagi beindust að því að auka tíðni lögsókna og sakfellinga þeirra sem fremja kynferðisbrot“. Einnig útvegaði þingið „15 ný stöðugildi lögregluþjóna í fullu starfi ... sem bætt var við lögreglustöðvar um land allt“, og auknar fjárveitingar til að uppfæra verklagsreglur og rannsóknartæki (250. tölul.).

37. Með hliðsjón af þeim áhyggjum sem frjáls félagasamtök og kvennasamtök vöktu varðandi fjölda þeirra kynferðisbrotamála sem urðu ekki að ákæru og yfir því hvernig notkun meiri aðfanga við rannsóknir þeirra mála sköpuðu „nýjan flöskuháls“ í ákærum (tölul. 252-253), hvatti GREVIO-nefndin stjórnvöld „til að bæta talsvert rannsóknar- og saksóknargetu sína og til að grípa til tafarlausra aðgerða til að tryggja tímanleg og viðeigandi viðbrögð löggæslufirvalda í öllum málum ofbeldis gegn konum“ (259. tölul.). Enn fremur benti GREVIO-nefndin á að, hvað varðar heimilisofbeldi, „[geri] skorturinn á gögnum varðandi inngríp, málsóknir og sakfellingar það erfitt að meta það hversu skilvirkt kerfið er“. Hún gat þess að „frjáls félagasamtök og kvennasamtök [hefðu vakið] máls á fjölmörgum áhyggjuefnum varðandi tafir við að komast í réttarsal sem leiddi til þess að dómar voru lækkaðir eða skilorðsbundnir, sem og varðandi óhóflega neikvætt viðhorf til kvenna sem voru brotþolar í ofbeldismálum fyrir héraðsdómi og áfrýjunardómstólum“ (263. tölul.).

III. SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

38. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám misréttis gegn konum (CEDAW) benti með nokkrum áhyggjum, í lokaathugasemdum sínum í sameinaðri skýrslu úr sjöundu og áttundu skýrslunni um Ísland sem innleidd var á sextugasta og þriðja fundi þeirra sem stóð yfir frá 15. febrúar til 4. mars 2016 (CEDAW/C/ISL/CO/7-8), á aukinn fjölda mála þar sem konur verða fyrir ofbeldi og fagnaði „þeim nýju reglum, verklagsreglum og áhættumatstækjum sem lögreglan í Reykjavík gaf út í mars 2015 varðandi heimilisofbeldismál“. Hún lýsti sér í lagi áhyggjum af „þeim háa fjölda stöðvana málaferla í málsóknum þar sem ákæran snýr að ofbeldi gegn konum, sérstaklega í nauðgunar og kynferðisbrotamálum, af hálfu Ríkissaksóknara og lágrí sakfellingartíðni“ og mældi með því, á meðal annarra aðgerða, að Ísland leiddi Ístanbúl-samninginn í lög þar í landi til að styrkja vernd kvenna, þar á meðal með því að gera netáreiði og andlegt ofbeldi refsiverð. Ennfremur kallaði hún eftir því að Ísland bætti aðgerðir til sakfella gerendur nauðgana og kynferðisofbeldis og greina orsakirnar fyrir háu sýknunartíðninni og gera eitthvað í henni (tölul. 19-20).

39. Í lokaathugasemdum við níundu skýrsluna um Ísland sem innleidd var á áttugasta og fimmta fundi nefndarinnar (8.-26. maí 2023) (CEDAW/C/ISL/CO/9) benti CEDAW-nefndin með ánægju á stöðu Íslands efst á listanum Global Gender Gap Index árið 2022 og fagnaði þeim framförum sem átt höfðu sér stað frá því að síðasta skýrslan þar á undan hafði komið út, þar á meðal með því að stafrænt kynferðisofbeldi og eltiðhrellahegðun hefði verið gert refsivert, með því að varnir hefðu verið bættar fyrir brotþola kynferðisofbeldis og með því að skilgreina nauðgun út frá skorti á samþykki. Hins vegar lýsti hún áhyggjum varðandi þann „háa fjölda málsókna fyrir kynbundið ofbeldi gegn konum, sérstaklega fyrir nauðgun og kynferðisofbeldi, sem Ríkissaksóknarinn tók ákvörðun um að hætta rannsókn á og þann lága fjölda sakfellinga þrátt fyrir innleiðingu og framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar um meðferð kynferðisbrota fyrir tímabilið 2018-2022“. Einnig lagði hún áherslu á þann skort á sundurgreindum gögnum varðandi öll form af kynbundnu ofbeldi gegn konum og stúlkum, þar á meðal heimilisofbeldi“. Á meðal annarra aðgerða mælti hún með því að komið væri til móts við orsakir þess að of fá mál væru tilkynnt og háa sýknunartíðni í kynbundnum ofbeldismálum og að tryggð væri söfnun og greining gagna um öll slík form af ofbeldi (tölul. 4, 25-26).

LÖGIN

I. MEINT BROTT GEGN 3. GR. OG 8. GR. SÁTTMÁLANS

40. Kærandinn kvartaði undan því að yfirvöld hefðu ekki háð árangursríka rannsókn á ásökunum hennar um misþyrmingu eða veitt henni

nægilega vernd gegn kynbundnu ofbeldi, í trássi við 3. gr. og 8. gr. sáttmálans, sem hljóða svona:

3. gr.

„Engan má beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu ...“

8. gr.

„1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns og fjölskyldulífs ...“

A. Meðferðarhæfi

41. Stjórnvöld gengust við því að kærandinn hefði reynt öll úrræði í málsókninni með því að höfða til Ríkissaksóknara. Hins vegar hafði kærandinn ekki, að þeirra mati, reynt öll innlend úrræði. Að þar sem Ríkislögreglustjóri hafði viðurkennt mistök sem urðu til þess að líkamsárásirnar fyrndust hefði hún getað farið í skaðabótamál sem hefði getað leitt af sér fébætur. Stjórnvöld héldu því einnig fram að kæra kærands væri augljóslega illa ígrunduð.

42. Kærandinn lagði áherslu á að kæra hennar varðaði árangurslausa rannsókn sakamáls og það refsileysi sem meintur árásarmaður hennar naut vegna hennar, ekki fébætur. Nánar tiltekið hélt hún því fram að skaðabótamál hefði ekki getað tekið fyrir vangetu ríkisins til að rannsaka kynbundið ofbeldi og sækja til saka fyrir það.

43. Hvað varðar þá röksemd stjórnvalda að kærandinn hefði getað höfðað skaðabótamál bendir dómurinn á að einkamál hefði ekki varðað sama mál og kæra hennar til dómsins, sem snýst um vangetu yfirvalda til að há árangursríka sakamálarannsókn á ásökunum hennar um heimilisofbeldi. Dómurinn ítrekar enn og aftur að til árangursríkrar fyrirbyggingar stórfelldra árása á líkamlega og andlega heilsu séu skilvirk refsiréttarúrræði nauðsynleg til að tryggja hæfilega vernd í þeim efnum (sjá *Vučković gegn Króatíu*, nr. 15798/20, tölul. 41, 12. desember 2023, og *Volodina gegn Rússlandi*, nr. 41261/17, tölul. 100, 9. júlí 2019). Dómurinn vísar því á bug þeirri mótbáru stjórnvalda um að ekki hefðu öll úrræði innanlands verið reynd.

44. Niðurstaða dómstólsins er sú að þessi kæra sé hvorki augljóslega illa ígrunduð né ótæk á neinum öðrum grundvelli sem fram kemur í 35. grein sáttmálans. Því verður að taka hana til greina.

B. Málsatvik

1. Skjöl sem aðilarnir leggja fram

(a) Kærandinn

45. Kærandinn fullyrðir að innlenda lagarammanum hafi mistekist að vernda réttindi hennar á hagnýtan og árangursríkan hátt. Hún fullyrkti að áður en grein 218b í almennum hegningarlögum hefði verið leidd í lög árið 2016 hafi brotápolar heimilisofbeldis ekki notið nægilegrar verndar undir íslenskum lögum, annmarki sem getið er um í athugasemdum CEDAW-nefndarinnar. Að hennar mati var það í ósamræmi við 3. gr. og 8 .gr. sáttmálans og Ístanbúl-samninginn að setja samasem-merki á milli heimilisofbeldis og handahófskenndra líkamsárása, sérstaklega í ljósi þess tveggja ára fyrningarfrests sem brot undir 217. gr. hegningarlaga. Hún lagði áherslu á að grein 218b hefði lengt fyrningarfrestinn í tíu ár og opnað fyrir að hægt væri að líta á atvik sem samfelld mynstur fremur en einangraða atburði sem sýndi það að lagaramminn fyrir þann tíma hefði verið ófullnægjandi.

46. Kærandinn véfengdi þá staðhæfingu stjórnvalda að heimilisofbeldismál væru í forgangi hjá lögreglunni og benti á veigamiklar tafir í hennar eigin máli. Til dæmis hefði H.M.S. ekki verið yfirheyrður fyrr en níu mánuðum eftir að hún lagði fram í kæru sína og að ekki hefði verið tekin skýrsla af vitnum fyrr en ellefu mánuðum síðar. Að vísu viðurkenndi hún að nokkurt skeið hefði liðið milli atvikanna og kæru hennar – hér um bil tuttugu og tveir mánuðir frá atvikinu í febrúar 2016 og sautján mánuðir frá atvikinu í júlí 2016, en hún hélt því fram að þetta þýddi að enn mikilvægara hefði verið að hefja árangursríka rannsókn undir eins til að finna þau sönnunargögn sem til staðar væru. Sér í lagi benti hún á tölvupóstsamskipti sín við rannsóknaraðilann í júní 2018 þar sem hún lýsti áhyggjum af fyrningarfrestinum sem myndi senn renna út, og þar sem rannsóknaraðilinn svaraði því til að hann myndi halda áfram við fyrsta tækifæri og fór svo í sumarfrí. Að hinar ýmsu leiðbeiningar og verklagsreglur við að flýta meðferð slíkra mála, þar á meðal tilmæli Ríkissaksóknara 4/2017, væru lítills virði ef ekki væri farið almennilega eftir þeim í verki. Að enn fremur hefði sú ákvörðun stjórnvalda, að auka fjárveitingar til þess að tryggja árangursríkar rannsóknir eftir að rannsókninni í hennar máli lauk, rennt frekari stoðum undir þá staðreynd að tafirnar í máli hennar hefðu verið óásættanlegar.

47. Jafnframt hélt kærandinn því fram að framburður hennar væri trúverðugur og að önnur sönnunargögn renndu stoðum undir hann, þar á meðal sjúkraskýrslur sem sýndu fram á grun um táarbrot eftir atvikið í febrúar 2016 og ljósmyndir af áverkum í kjölfar líkamsárásarinnar í júlí 2016. Að tveir sjónarvottar hefðu orðið vitni að því þegar H.M.S. ýtti henni upp að hurð í atvikinu 2016 og að aðrir hefðu séð áverka hennar í kjölfar beggja líkamsárása. Hún hélt því fram að lögreglan stundaði það kerfisbundið að virða að vettugi eða vísa á bug sönnunargögnum brotápolna í

heimilisofbeldismálum og leggði ótilhlýðilega mikinn trúnað á afneitanir þess ákærða, þrátt fyrir viðurkenningu H.M.S. að hluta til varðandi líkamlega snertingu og viðurkenningu hans á því að hún hefði fengið marbletti. Að það að vísa á bug framburði vitna sem einfaldlega „endursögnum“ á frásögnum brotaþolans drægi ótilhlýðilega úr gildi mikilvægra sönnunargagna í heimilisofbeldismálum þar sem beinn framburður vitna væri eðli málsins samkvæmt sjaldgæfur.

48. Kærandinn hélt því fram að þó svo að hún hefði lagt fram kæru í desember 2017 hefði greining á viðkomandi lagaákvæðum ekki farið fram fyrir en í mars 2018, eftir að fyrsta líkamsárásin hefði þegar verið orðið fyrnt. Að þó svo að seinni líkamsárásin hefði ekki verið orðin fyrnd á þeim tímapunkti hefði lögreglan engu að síður dregið það í nokkra mánuði í viðbót að taka skýrslu af H.M.S. sem leiddi á endanum til þess að það brot fyrndist líka. Ekkert mat hefði átt sér stað á því hvort ofbeldið í júlí 2016 gæti, ásamt hótununum í kjölfarið, talist mynstur ítrekaðrar misbeitingar, sem bæri vott um vangetu til að rannsaka heimilisofbeldi almennilega sem samfelld mynstur fremur en sem einangruð atvik. Að þessar tafir væru sérstaklega alvarlegar í ljósi þess að lögreglunni var það ljóst að hún óttaðist um öryggi sitt, að henni hafði verið hótad vegna samskipta sinna við lögregluna og að hún væri í reglulegu sambandi við H.M.S. vegna sameiginlegs umgengnissamnings. Að dómurinn yfir H.M.S. í kjölfarið fyrir hótanir hefði rennt stóðum undir trúverðugleika hennar og að fyrmingin endurspegladi ekki aðeins óráðsú í verklagi heldur algjöra vangetu til að rannsaka brotið, sem sett hefði hana í stöðuga hættu og komið í veg fyrir að trúverðugar ásakanir hennar yrðu nokkurn tíma teknar fyrir af dómstólum.

(b) Stjórnvöld

49. Stjórnvöld héldu því fram að áratugum saman hefðu rannsóknir á kynferðisbrotum og heimilisofbeldi verið í forgangi hjá lögreglu og ákærvaldinu og að Ríkissaksóknari færi stöðugt yfir þær. Þau bentu á að tilmæli 4/2017 hefðu skýrt og greinilega sett heimilisofbeldismál í forgang og tilmæli 2/2018 kvæðu á um stafrænar rannsóknaráætlanir í slíkum málum. Að áður en grein 218b hefði verið innleidd í almenn hegningarlög árið 2016 hefði vernd verið veitt í gegnum 217. gr. og 218. gr. varðandi líkamsárás og grein 70(3) sem kvæði á um þyngingu refsingar fyrir brot sem framin væru innan náinna sambanda. Að þó svo að andlegt ofbeldi hefði ekki verið refsivert brot hefði lagaramminn engu að síður boðið upp á vernd sem jókst talsvert eftir að grein 218b var innleidd í lög með lengri fyrningarfresti og heildræna nálgun varðandi heimilisofbeldi.

50. Stjórnvöld lögðu áherslu á að rannsakendum bæri að komast að sannleikanum og taka jafnmikið mark á sönnunargögnum sem leiddu til sýknu og sakfellingar, í samræmi við 70. gr. stjórnarskrárinnar og annan tölulið 6. gr. sáttmálans. Að þó svo að þau viðurkenndu að sönnunarbyrði í heimilisofbeldismálum væri þung, höfðu þau þeirri staðhæfingu

kærandans að „nánast ómögulegt“ væri að „mæta henni“. Að lagaramminn gæfi kost á því að ýmsar tegundir sönnunargagna væru teknar til greina, þar á meðal sjúkraskýrslur varðandi sálræn áhrif og framburði varðandi atburði fyrir og eftir meint atvik.

51. Stjórnvöld gengust við því að aukning hefði átt sér stað í fjölda nýrra mála á árunum 2017-18 og að um manneklu hafi verið að ræða en héldu því fram að komið hefði verið til móts við þetta með skipulagsbreytingum og auknum fjárveitingum og bentu sér í lagi á það að bætt hefði verið við sex stöðugildum í fullu starfi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Að þetta benti því ekki til þess að kynferðisbrota- og heimilisofbeldismál hefðu ekki verið sett í forgang. Að aðkallandi mál sem tilkynnt hefðu verið beint eftir að atvikið átti sér stað fengju forgang fram yfir þau sem tilkynnt væru síðar, eins og mál kærandans. Að tafirnar tengdust ekki eðli brotsins og að þær gæfu ekki til kynna að málið væri ekki í forgangi hjá lögreglunni. Að í tilmælum frá Ríkissaksóknara væri skýr áhersla lögð á að flýta bæri slíkum málum og að þau skyldu sett í forgang.

52. Hvað varðar rannsóknina í máli kærandans héldu stjórnvöld því fram að alvarleikastigið hefði ekki verið nógu hátt til að virkja 3. gr. og 8. gr. sáttmálans. Þrátt fyrir að viðurkenna að annmarkar hefðu verið á verklagi, þar á meðal næstum níu mánaða töf á milli þess sem skýrsla var tekin af kærandanum og H.M.S. var yfirheyrður, þá héldu þau fram að þeir annmarkar, hversu óheppilegir sem þeir væru, brytu ekki í bága við skyldur sáttmálans þar sem rannsóknin hefði að öðru leyti farið vel fram. Að kærandinn hefði lagt fram kæru sína næstum tveimur árum eftir fyrri meintu árásina í febrúar 2016 og fimmtán mánuðum eftir þá seinni í júlí 2016. Að þó svo að skýrsla hennar varðaði ekki nýleg brot væri óumdeilt að töfin hefði orðið til þess að fyrningarfresturinn rann út. Að engu að síður hefði öllum málsatvikum verið komið á hreint innan við átján mánuðum eftir að kæran var lögð fram. Í ljósi þess tíma sem liðið hefði frá atburðunum héldu stjórnvöld því fram að ekki hefði þurft að koma málinu í meiri forgang og að þau hefðu ekki haft neinar upplýsingar þess efnis að H.M.S. hefði vitað af kærunni áður en hann var yfirheyrður.

53. Að fyrsta meinta árásin hefði átt sér stað áður en grein 218b var innleidd í almennum hegningarlögum þann 5. apríl 2016 og að 217. gr. hefði verið í gildi með sinn tveggja ára langa fyrningarfrest. Að ef kærandinn hefði fengið röntgen-mynd því til staðfestingar að grunur léki á um brákun táarinnar hefði málið verið flokkað undir 218. gr. og þá hefði fyrningarfresturinn verið lengri. Að hin síðari af meintum líkamsárásum hefði átt sér stað eftir að grein 218b hefði tekið gildi. Hins vegar héldu stjórnvöld því fram að hún hefði ekki verið nógu stórfelld til að ákvæðið ætti að gilda um hana þar sem grein 218b kvæði á um annað hvort ítrekað eða stórfellt framferði og að atvikið í júlí 2016, eitt og sér, uppfyllti ekki þessi skilyrði, í ljósi þess að meginreglan um óafturvirkni kæmi í veg fyrir að atvikið í febrúar 2016 væri tekið til greina.

54. Stjórnvöld lögðu áherslu á að skýrslur hefðu verið teknar af vitnum, reyndar fremur seint, frá október 2018 og mars 2019, og að þær hefðu rennt stoðum undir frásögn kærands að svo miklu leyti að vitnin hefðu sagst hafa séð áverka og að tvö þeirra hefðu orðið vitni að því þegar H.M.S. ýtti kærandanum. Hins vegar hefðu vitnin aðeins getað borið vitni um það sem kærandinn eða H.M.S. höfðu sagt þeim og að þeir framburðir hefðu stangast á. Að jafnvel þótt þessum vitnisburðum hefði verið safnað fyrir hefðu sönnunargögnin samt ekki dugað til þess að renna stoðum undir ásakanir kærands, í ljósi neitunar H.M.S. að hluta til: að þó svo að hann hefði viðurkennt snertingu og að hafa valdið marblettum vísaði hann á bug framsetningu kærands á atburðunum. Þrátt fyrir að gangast við því að H.M.S. hefði átt að vera yfirheyrður fyrir bentu stjórnvöld á að málið hefði ekki verið hunsað, þar sem H.M.S. hefði á endanum verið dæmdur fyrir að hóta kærandanum, brot sem þyngri viðurlög liggja við (allt að tveimur árum í fangelsi) en við brotunum í 217. gr. (allt að einu ári í fangelsi).

55. Stjórnvöld ræddu einnig þann stjórnsýslurugling sem varð þegar málið var fært á milli aðalrannsóknardeildarinnar og lögreglustöðvar með fjölmörgum vísunum fram og til baka í febrúar og mars 2018. Þau viðurkenndu að vera kynni að sumarfrí rannsóknaraðilans hefði aukið við tafirnar, eins og tölvupóstsamskiptin frá júní 2018 sýndu fram á. Hins vegar héldu þau því fram að þessir starfræksluörðugleikar, sem væru að vísu óheppilegir, leiddu af skorti á aðföngum hjá lögreglunni almennt fremur en af nokkurri tiltekinni tregðu til að rannsaka heimilisofbeldismál. Þau lögðu áherslu á að þrátt fyrir þessar tafir hefði yfirgripsmikil rannsókn á endanum verið háð sem falið hefði í sér yfirheyrslu ellefu vitna og yfirferð yfir öll sönnunargögn sem tiltæk væru.

2. Mat dómsins

(a) Almennar reglur

56. Dómurinn ítrekar að mál heimilisofbeldis, sem getur tekið á sig ýmsar myndir – allt frá líkamsárás yfir í kynferðislega, efnahagslega eð tilfinningalega misbeitingu eða misbeitingu með orðum – nær út fyrir aðstæðurnar í hverju máli fyrir sig. Það er almennt vandamál sem hefur áhrif, upp að misháu marki, á öll aðildarríki og sem kemur ekki alltaf upp á yfirborðið þar sem það á sér oft stað innan persónulegra sambanda eða lokaðra svæða og hefur áhrif á ýmsa fjölskyldumeðlimi þó svo að konur séu mikill meirihluti brotaþola. Lögð hefur verið sérstaka berskjöldun þolenda heimilisofbeldis og þörfina fyrir að ríkið taki virkan þátt í vernd þeirra í fjölda alþjóðlegra gerninga og dómaframkvæmd dómsins (sjá *Kurt gegn Austurríki* [GC], nr. 62903/15, tölul. 161-62, 15. júní 2021, og *Opuz gegn Tyrklandi*, nr. 33401/02, tölul. 72-86, ECHR 2009).

57. Þar sem aðgreiningin milli ákvæða 3. gr. og 8. gr. sáttmálans í málum sem varða ofbeldi af hálfu einstaklinga er ekki skýr, getur dómurinn farið yfir

kærur kærands út frá báðum ákvæðum á sama tíma. Raunar kveða bæði ákvæðin á um þá skyldu ríkisins að standa vörð um líkamlega og andlega heilsu og þau mynda, ásamt 2. gr., samfellu sem virkjar þá skyldu ríkisins að útvega vernd um leið og komið er í ljós að árásir á heilsu einstaklings hafi verið nógu stórfelldar til að grípa þurfi til aðgerða (sjá *Hanovs gegn Lettlandi*, nr. 40861/22, tölul. 45, 18. júlí 2024, með frekari vísunum, og *Vučković gegn Króatíu*, nr. 15798/20, tölul. 54, 12. desember 2023).

58. Hin jákvæða skylda yfirvalda að vernda þolendur ofbeldis er þríþætt. Í fyrsta lagi verða þau að koma á verndarramma með löggjöf og reglugerðum. Í öðru lagi verða þau í tilteknum, vel skilgreindum aðstæðum að bregðast strax við tilkynningum um heimilisofbeldi og grípa til aðgerða til að vernda þá aðila sem eiga það á hættu að verða misþyrmt. Í þriðja lagi verða þau að há árangursríkar rannsóknir á rökstyðjanlegar kærur varðandi sérhvert atvik þar sem slík misþyrming á sér stað (sjá ofangreint *X og aðra gegn Búlgaríu* [GC], nr. 22457/16, tölul. 178, 2. febrúar 2021; ofangreint mál *M.C. gegn Búlgaríu*, tölul. 153; og ofangreint mál *Kurt*, tölul. 165, með frekari tilvísunum).

59. Varðandi tilvist lagaramma endurspeglar dómaframkvæmd dómsins og viðkomandi alþjóðlegt efni sameiginlegan skilning á því að heildstæðar aðgerðir, lagalegar sem og aðrar, séu nauðsynlegar til að tryggja nægilega vernd fyrir þolendur heimilisofbeldis. Á meðal þessara aðgerða verða að vera, sér í lagi, sú aðgerð að gera ofbeldi innan fjölskyldu refsivert í gegnum árangursrík, hlutfallsleg og letjandi viðurlög (sjá *Ž.B. gegn Króatíu*, nr. 47666/13, tölul. 50-51, 11. júlí 2017, og *Galović gegn Króatíu*, nr. 45512/11, tölul. 114, 31. ágúst 2021).

60. Sú verklagsskylda að há árangursríka rannsókn felur í sér þá skyldu staðaryfirvalda að beita þeim refsiréttarverkfærum sem búin eru til í þeim tilgangi að fyrirbyggja og refsa fyrir framferði sem brýtur í bága við 3. gr. og 8. gr. sáttmálans. Til að rannsókn geti verið árangursrík þarf hún að vera tímanleg og ítarleg á öllum stigum málsins. Stjórnvöldum er skylt að grípa til allra hæfilegra aðgerða til að finna sönnunargögn sem tengjast atvikinu, þar á meðal réttarfræðileg sönnunargögn. Sérstakrar samviskusemi er þörf í heimilisofbeldismálum og tiltekið eðli slíks ofbeldis þarf að taka með í reikninginn (sjá *Tunikova og aðra gegn Rússlandi*, nr. 55974/16 og þrjú önnur, tölul. 114, 14. desember 2021, og *Vieru gegn lýðveldinu Moldóvu*, nr. 17106/18, tölul. 81, 19. nóvember 2024).

61. Engu að síður ítrekar dómurinn að skyldan í málsmeðferðinni snýst um aðferðafræði en ekki niðurstöður. Enginn algildur réttur er til staðar til málsóknar eða sakfellingar á hendur tilteknum einstaklingi þegar engir vítaverðir annmarkar hafa verið á viðleitni stjórnvalda til að láta gerendur sæta ábyrgð. Sú staðreynd ein og sér að rannsókn hafi leitt af sér takmarkaðar eða óaferandi niðurstöður bendir ekki, út af fyrir sig, til neinna annmarka. Þó svo að stjórnvöld verði að grípa til allra hæfilegra aðgerða til að safna sönnunargögnum, koma aðstæðum á hreint og há ítarlega, hlutlæga og

óvilhalla rannsókn á öllum viðeigandi atriðum án þess að líta framhjá neinum augljósum spurningum má ekki líta svo á að skyldan í málsmeðferðinni eigi að hafa í för með sér ómögulega eða óhóflega byrði. Dómurinn þarf ekki að skipta sér af ásökunum um mistök eða stökum yfirsjónum og getur ekki komið í staðinn fyrir staðaryfirvöld þegar kemur að því að meta málsatvik eða ákvarða refsíabyrgð hins meinta geranda brots. Þess í stað verður hann að beina sjónum sínum að því hvort afgerandi annmarkar hafi verið á málsmeðferðinni, þ.e. annmarkar sem geta grafið undan getu rannsakandans til að komast að því hvað átti sér stað eða hver beri ábyrgð á því (sjá ofangreint mál *X og annarra gegn Búlgaríu*, tölul. 186, og *S.M. gegn Króatíu* [GC], nr. 60561/14, tölul. 315-20, 25. júní 2020, með frekari vísunum).

(b) Gildi meginreglnanna í þessu máli

62. Kærandinn fullyrti að fyrrverandi maki hennar hefði látið hana sæta líkamlegu ofbeldi oftar en einu sinni, sem hafi falið í sér ógn við líkamlega heilsu hennar og velferð. Hún bar fram ásökun um að ríkið hefði ekki uppfyllt fyrsta eða þriðja atriðið í jákvæðri skyldu sinni sem tilgreind er í 58.mgr. fyrir ofan. Dómurinn þarf ekki að skera úr um hvort meint ofbeldi hafi verið nægilega stórfellt til að uppfylla þann lágmarksstaðal varðandi alvarleika sem nauðsynlegur er til að 3. gr. sáttmálans gildi um hana þar sem staðaryfirvöldum bar sama jákvæða skylda, hvað sem öðru líður, til að vernda þolendur ofbeldis samkvæmt 8.gr. sáttmálans. Því mun hann fyrst meta það hvort lagaramminn innanlands veiti nægilega vernd gegn heimilisofbeldi á þeim tíma sem um ræðir, áður en hann snýr sér að því að meta hvort rannsóknin á tilteknum ásökunum kærandans uppfylli þá staðla sem sáttmálinn kveður á um.

(i) Lög og reglur

63. Eins og getið er um í 59. gr. hér fyrir ofan fela skyldur ríkjanna í heimilisofbeldismálum almennt í sér það að árangursrík refsiréttarákvæði séu leidd í lög. Komið hefur skýrt fram að það er ekki hlutverk dómsins að skipta út mati stjórnvalda á hverjum stað fyrir sitt eigið mat með því að velja á milli þeirra mismunandi aðgerða sem myndu tryggja það að jákvæð skylda þeirra sé uppfyllt samkvæmt sáttmálanum (sjá ofangreint mál *Ž.B. gegn Króatíu*, tölul. 58). Mismunandi löggjafarálgaðir kynnu að uppfylla þessar kröfur, að því gefnu að þær feli í sér árangursríka og hagnýta vörn gegn heimilisofbeldi. Eins og fram kemur í dómaframkvæmd dómsins gagnvart ýmsum aðildarríkjum er hægt að takast á við heimilisofbeldi á viðeigandi hátt annað hvort í gegnum tiltekin lagabrot eða með því að fara með það sem refsipýngjandi atriði í öðrum ofbeldisglæpum (ibid., tölul. 57; sjá einnig *E.M. gegn Rúmeníu*, nr. 43994/05, tölul. 62, 30. október 2012 og *Valiuliené gegn Litháen*, nr. 33234/07, tölul. 78, 26. mars 2013).

64. Við mat á því hvort verndarramminn á Íslandi hafi verið fullnægjandi á viðkomandi tímabili bendir dómurinn á að þó svo að grein 218b, sem tiltekur sérstaklega heimilisofbeldi sem refsivert, hafi ekki verið færð inn í almennu hegningarlögin fyrr en 2016 hafi lagaramminn þegar kveðið á um aukna refsingu í slíkum tilfellum. Grein 70(3) í almennum hegningarlögum kvað á um að líta bæri á hið nána samband milli geranda og brotþola sem refsipýngjandi atriði þar sem sambandið jók við alvarleika brotsins (sjá 26. mgr. fyrir ofan). Þetta ákvæði gaf því heimild fyrir þyngri refsingum í heimilisofbeldismálum sem höfðuð voru undir ákvæðum 217. gr. og 218. gr. varðandi almenna líkamsárás (sjá ofangreint mál *Ž.B. gegn Króatíu*, tölul. 54). Dómurinn ítrekar að þó svo að Ístanbúl-samningurinn kveði á um að heimilisofbeldi sé refsivert, fyrirskipar hann ekkert í tengslum við stök brot. Þess í stað gefur hann kost á að annað hvort sé heimilisofbeldi haft með sem atriði í tilteknum brotum eða refsipýngjandi kringumstæður þegar refsing er ákveðin fyrir önnur brot sem sáttmálinn hefur komið fram með (ibid., tölul. 56; sjá einnig ofangreinda grunnmatsskýrslu GREVIO um Ísland í 35. mgr.).

65. Að svo miklu leyti sem hægt var að hefja málsókn *ex officio* án þess að fá formlega kæru frá fórnarlambinu, samræmist löggjafarnálgunin á Íslandi hinum viðkomandi alþjóðlegu stöðlum (sjá *Volodina gegn Rússlandi*, sem vísað er til fyrir ofan, tölul. 82-84, og grunnmatsskýrslu GREVIO um Ísland í 35. mgr. fyrir ofan).

66. Hvað varðar líkamlegt ofbeldi bendir dómurinn á að 217.gr. og 218.gr. almennra hegningarlaga hafi kveðið á um að líkamsárás væri refsiverð með tveggja ára fyrningarfrest fyrir minna alvarleg brot samkvæmt 217. grein. Þó svo að líta mætti á lengri fyrningarfrest sem æskilegan í heimilisofbeldismálum út frá eðli þess og sérstakri berskjöldun brotþolanna kemst dómurinn ekki að þeirri niðurstöðu að tveggja ára fyrningarfresturinn hafi verið í sjálfum sér ósamrýmanlegur ákvæðum sáttmálans, þar sem ríki njóta mikils svigrúms með það hvernig þau haga fyrningarfrestum sínum (sjá *Stubbings og aðra gegn Bretlandi*, 22. október 1996, tölul. 55-56, *Reports of Judgments and Decisions* 1996-IV). Það sem er í húfi í þessu máli er ekki lengd fyrningarfrestsins sem slík heldur hvort stjórnvöld hafi gripið til allra hæfilegra aðgerða til að rannsaka ásakanir kærands af þeirri skilvirkni sem viðeigandi fyrningarfrestur gerir ráð fyrir, til að tryggja hagnýta og nægjanlega vernd.

67. Eftir að hafa ályktað sem svo að kerfi hafi verið til staðar á tímabilinu sem um ræðir sem veitti nægilega vörn gegn heimilisofbeldi í gegnum refsiréttarákvæði (sjá ofangreint mál *Ž.B. gegn Króatíu*, tölul. 58) þarf dómurinn því næst að athuga hvort stjórnvöld hafi, innan þessa kerfis, háð árangursríka rannsókn á ásökunum kærands og hvaða þátt meintar tafir gætu hafa átt í niðurstöðu hennar.

(ii) Nægjanleiki rannsóknarinnar

68. Dómurinn viðurkennir að heimilisofbeldismál feli í sér áskoranir varðandi sönnunargögn þegar brotin eiga sér stað í einrúmi án vitna og að þessar áskoranir verði enn erfiðari þegar ekki er tilkynnt um atburðina fyrr en eftir talsverðan tíma. Þó svo að yfirvöld verði að hafa skilning á þeim tilteknu atriðum í eðli heimilisofbeldis sem geta útskýrt tafir í því að tilkynna um brot er það svo að slíkar tafir geta haft áhrif á það hvaða sönnunargögn verði til staðar og geta réttilega haft áhrif á forgangsörðun mála hjá yfirvöldum. Hins vegar geta skortur á aðföngum og forgangsörðun aðgerða ekki réttlætt óhóflegt seintæti í grundvallarþrepum rannsólnar þegar búið er að vekja athygli yfirvalda á ásökunum. Í sérhverju tilfelli er grundvallarspurningin sú hvort yfirvöld hafi, í kringumstæðunum, þar á meðal varðandi tímasetningu kærunnar, viðkomandi fyrningarfrest og hættuna á að sönnunargögn glatist, verið nægilega samviskusöm.

69. Dómurinn bendir á að ásakanir kærandsins vísuðu til atburða sem gerst höfðu milli sautján og tuttugu og tveimur árum eftir að hún kom fram með kærú sína í desember 2017. Hann viðurkennir að brotapolar heimilisofbeldis hiki oft við að höfða mál þar til eftir að einhver tími hafi liðið, t.d. eftir að sambandi þeirra við meintan geranda brots sé lokið. Þó svo að slíkar tafir hafi ekki í sjálfum sér skaðleg áhrif á kærur brotþola geta þær, í ljósi eðlis heimilisofbeldis, engu að síður haft áhrif á stöðu sönnunargagna.

70. Hins vegar leggur dómurinn áherslu á að sú staðreynd að brotþoli hafi dregið það að leggja fram kærú leysi ekki í sjálfu sér yfirvöld undan skyldu þeirra til að há árangursríka rannsókn um leið og ásakanirnar voru bornar fyrir þau. Yfirgripsmikil nálgun í tengslum við heimilisofbeldi, sem tekur mið af samhengi þess, útheimtir mikla samviskusemi og skjót viðbrögð og með hliðsjón af lagaákvæðum og málsvikum í hverju máli.

71. Í þessu máli lagði kærandinn fram kærur sínar um refsivert athæfi í desember 2017 en hún var ekki yfirheyrð af lögreglu fyrr en í mars 2018, þremur mánuðum síðar (sjá 5. mgr. og 10 mgr. fyrir ofan). Einnig er það óumdeilt að frekari rannsóknar á því ofbeldi gegn kærandanum sem greint var frá hafi verið þörf, sér í lagi í ljósi þess að yfirheyra þurfti H.M.S., hinn grunaða. Í ljósi þess að fyrningarfresturinn var senn að renna út bar yfirvöldum skylda til að halda rösklega áfram með rannsóknina og yfirheyrsla yfir H.M.S. hefði átt að eiga sér stað sem allra fyrst til að koma í veg fyrir fyrningu (sjá 28. mgr. fyrir ofan). Hefði H.M.S. verið yfirheyrður með stöðu grunaðs manns á einhverjum tímapunkti fyrir lok febrúar 2018 hefði ekkert af brotunum fyrnst. Yfirheyrsla við lok júní 2018 hefði í það minnsta komið í veg fyrir fyrningu hins síðara meinta atviks. Ekki var ráðist í neinar af þessum aðgerðum þrátt fyrir ítrekuð tilmæli saksóknarans þess efnis að rannsaka bæri málið tafarlaust og þrátt fyrir að stjórnvöldum hafi verið það morgunljóst að kærandinn væri í reglulegum samskiptum við H.M.S. vegna sameiginlegs umgegngnissamnings og að hann hefði áður hótad henni í tengslum við samskipti hennar við lögregluna.

72. Tafir í byrjun virðast hafa leitt af ruglingi innan stjórnsýslunnar þar sem málið var fært á milli lögregludeilda áður en ákveðið var hvaða eining ætti að sjá um rannsóknina. Jafnvel eftir að kærandinn vakti máls á áhyggjum varðandi yfirvofandi fyrningu brotanna í samskiptum sínum við rannsóknaraðilann í júní 2018 virðist sem svo að ekki hafi verið ráðist í neinar brýnar aðgerðir til að flýta rannsókninni. Svar rannsóknaraðilans þess efnis að hann myndi halda áfram eins fljótt og kostur væri og sú ákvörðun hans að taka sumarfrí á þessu mikilvæga tímabili án þess að sjá til þess að staðgengill væri fundinn virðist hafa stuðlað að því að yfirheyrsla H.M.S. hafi tafist og á endanum orðið til þess að síðari líkamsárásin fyrndist líka.

73. Dómurinn hefur staðfastlega haldið því fram að þegar sakamálarannsókn er hætt vegna fyrningar sem leiðir af annmörkum í aðgerðum stjórnvalda þess ríkis sem á í hlut sé ekki hægt að ná því takmarki að veita árangursríka vernd frá slæmri meðferð (sjá *Mehmet Yaman gegn Tyrklandi*, nr. 36812/07, tölul. 71, 24. febrúar 2015). Jafnvel þótt málsatvik og meintir gerendur brots hefðu legið fyrir má varla álykta sem svo að rannsókn hafi verið árangursrík og líkleg, ef við á, til að leiða til refsingar þeirra sem báru ábyrgð á brotunum þegar ákærvaldið lendir í því að fyrningarfrestur rennur út vegna þess hversu hægt málsmeðferðin gengur (sjá ofangreint mál *Valiulienë*, tölul. 85, og *P.M. gegn Búlgaríu*, nr. 49669/07, tölul. 66, 24. janúar 2012).

74. Hvað varðar þá fullyrðingu stjórnvalda að tafirnar hafi verið afleiðing af manneklu og aukningu í fjölda mála á árunum 2017-18 ítrekar dómurinn að það sé á ábyrgð aðildarríkjanna að skipuleggja réttarkerfi sín á þann hátt að yfirvöld þeirra séu fær um að fara eftir ákvæðum sáttmálans, þar á meðal þeim sem spretta af jákvæðum skyldum samkvæmt 8. grein. Þó svo að aukningin í fjárútlátum og starfsmannafjölda sem fylgdi í kjölfarið hafi verið lofsverð leysir hún ekki ríkið undan ábyrgð sinni á annmörkunum í máli kærandans.

75. Dómurinn hefur því fundið lykilannmarka á viðbrögðum yfirvalda við ásökunum kærandans. Tafir og ruglingur innan stjórnsýslu mörkuðu þessa rannsókn sem leiddi til þess að fyrningarfrestirnir runnu út þrátt fyrir að yfirvöld hefðu vitað af yfirvofandi fyrningu og þrátt fyrir ítrekuð tilmæli saksóknarans um að flýta málinu. Það að H.M.S. var síðar sakfelldur fyrir að hóta henni í tengslum við samskipti hennar við lögregluna undirstrikar aðeins alvarleika þess að yfirvöldum hafi láðst að tryggja árangursríka rannsókn á hinu meinta líkamlega ofbeldi.

76. Eftir að hafa farið yfir ofangreind hugðarefni ályktar dómurinn sem svo að yfirvöldum hafi láðst að hafa í heiðri þá samviseksemi sem nauðsynleg er til að rannsaka ásanir um heimilisofbeldi og til að veita vernd af því tagi sem kærandinn átti heimitingu á.

(c) Niðurstaða

77. Því hefur átt sér stað brot gegn verklagsanga 8. mgr. í sáttmálanum.

II. MEINT BROT GEGN 14. GR. SÁTTMÁLANS SEM FARIÐ VAR YFIR SAMHLIÐA 3. GR. OG 8. GREIN.

78. Kærandinn bar því við að, samkvæmt 14. gr. sáttmálans, sem farið var yfir samhliða 3. gr og 8. gr., hefði sér verið mismunað sem konu hvað varðar réttindi hennar samkvæmt samningnum. 14. gr. kveður á um eftirfarandi:

„Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis ...“

A. Meðferðarhæfi

79. Niðurstaða dómstólsins er sú að þessi kæra sé hvorki augljóslega illa ígrunduð né ótæk á neinum öðrum grundvelli sem fram kemur í 35. grein sáttmálans. Því verður að taka hana til greina.

B. Málsatvik

1. Skjöl sem aðilarnir leggja fram

(a) Kærandinn

80. Kærandinn hélt því fram að sér hefði verið mismunað sem konu vegna þess að yfirvöld hafi ekki séð sér fært að rannsaka og saksækja heimilisofbeldi. Hún hélt því fram að alla jafna væri ofbeldi gegn konum tekið öðrum tókum innan réttarkerfisins en aðrar tegundir ofbeldis þar sem brotapolinn væri karlkyns. Að þrátt fyrir þær umbætur sem íslensk stjórnvöld hefðu ráðist í undanfarin ár hefði fáskiptni í rannsóknum og hinn litli fjöldi málsókna sýnt fram á ófullnægjandi einurð af þeirra hálfu hvað varðar viðeigandi aðgerðir til að bregðast við ofbeldi gegn konum. Að vísanir stjórnvalda til fjölda kvenna í stjórnunarstöðum og almennt framsækna afstöðu á Íslandi til jafnréttis kvenna bætti ekki fyrir það sem vantaði upp á í málsóknum í kynbundnum ofbeldismálum.

81. Samkvæmt opinberum tölum fyrir árin 2015 til 2021 á höfuðborgarsvæðinu voru gerendur brots í heimilisofbeldismálum frá 84-86% karlmenn á meðan 75,5-89% af brotapolum voru konur. Tölfræði frá öðrum landsvæðum var svipuð. Hins vegar gáfu gögn frá Stígamótum staðfastlega til kynna að lítið væri um tilkynningar og málsóknir í þeim málum. Á milli 2014 og 2019 voru konur 85-88% af þeim brotapolum sem leituðu sér aðstoðar en aðeins 8-13% af málum voru tilkynnt til lögreglunnar. Af þeim málum sem tilkynnt voru leiddu aðeins 30% af sér málsókn og af þeim leiddu aðeins 47% af sér sakfellingu. Kærandinn beindi athygli að tilteknum dæmum úr ársskýrslum Stígamóta: árið 2016 leiddu aðeins 23,1% af tilkynningum til lögreglu til málsóknar og af þeim leiddu ekki nema 58,3% til sakfellingar; árið 2017 voru tölurnar 25% og 29,4%. Hún bar þessar tölur saman við saksóknartíðni fyrir líkamsárásarmál sem, samkvæmt ársskýrslu Ríkissaksóknara árið 2019, var 61% árið 2019, 57% árið 2017 og 74% árið

2014. Misræmið í saksóknartíðni á milli kynbundins ofbeldis og annarra ofbeldisglæpa var slíkt að þörf var á útskýringu frá stjórnvöldum, sem ekki var búið að útvega.

82. Kærandinn hélt því fram að kynbundið ofbeldi fæli í sér einstakar áskoranir, að slíkir glæpir væru yfirleitt framdir þar sem enginn sæi til, á löngu tímabili og að oft væri erfitt fyrir réttarlækna að finna sönnunargögn. Því hallaði á meira á þá brotþola en aðra þolendur ofbeldis þegar að því kæmi að leggja fram sönnunargögn. Hún hélt því fram að það að beita nákvæmlega sama verklagi í þessum málum og í öðrum ofbeldismálum væri ekki vænlegt til árangurs og að rannsóknirnar og reglugerðarrámminn þyrftu að taka mið af eðli þeirra sönnunargagna sem til staðar væru til að tryggja brotþolum réttindi sín samkvæmt 3. gr. og 8. gr. Að líta bæri á slík sönnunargögn, varðandi atriði eins og andleg áhrif sem sérfræðingar staðfestu, frásagnir af atburðum fyrir og eftir að ofbeldið átti sér stað og vitnisburði um stjórnsemi í hegðun, sem mikilvæg. Að sönnunarmarkinu í heimilisofbeldismálum væri, að hennar mati, í raun ógjörningur að ná, þar sem yfirvöld drægu kerfisbundið úr gildi sönnunargagna sem væru dæmigerð í svona málum, eða vísuðu þeim á bug, svo sem sálfræðimati og framburði vitna eða hegðanamynstur sem einkenndust af stjórnsemi. Að í máli hennar kristallaðist þessi mismunun þegar trúverðugar ásanir sem studdar væru af læknisfræðilegum upplýsingum, ljósmyndum af áverkum, beinum vitnisburðum sjónarvotta að því að H.M.S. ýtti henni og framburðum vitna leiddu ekki til málsóknar vegna tafa sem leiddu af sér fyrningu.

(b) Stjórnvöld

83. Stjórnvöld vísuðu því á bug að um væri að ræða kerfisbundna mismunun af nokkru tagi gegn konum í íslenska réttarkerfinu. Þau héldu því fram að sönnunargögnin sem kærandinn hefði sett fram renndu ekki stoðum undir neinar staðhæfingar um hlutdrægni eða mismunun í íslenskri löggjöf eða starfsvenjum. Að lagaramminn væri algjörlega kynhlutlaus að því leyti að sama sönnunarbyrði og sömu verklagskröfur væru í gildi, hvert sem kyn brotþolans væri. Að Ísland setti í forgang vernd gegn kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi og að kerfið sem stæði vörð um réttindi kvenna væri eitt það vandaðasta í veröldinni. Að staðaryfirvöld hefðu kerfisbundið innleitt árangursríkar og hnitmiðaðar aðgerðir til að stemma stigu við heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi sem sýndi sig í þeim gögnum sem lögð hefðu verið fram varðandi ýmsar aðgerðaáætlanir og hnitmiðaðar framkvæmdaáætlanir. Þar á meðal væru upplýsingar um sérhæfð rannsóknarteymi, forgangsstefnu, samhæfingu með félagsmálafyrirvöldum og sérhæft áhættumat í heimilisofbeldismálum, sem og hnitmiðuð þjálfun lögreglumanna og saksóknara. Enn fremur héldu stjórnvöld því fram að tvö spítalateymi sem sérhæfðu sig í neyðaraðstoð fyrir þolendur heimilisofbeldis væru til staðar á landinu og að þrjár miðstöðvar hefðu verið settar á laggirnar þar sem

brotapolar gætu leitað sér fjölfaglegrar aðstoðar og fulltingis lögreglu á einum stað.

84. Stjórnvöld héldu því fram að sú staðreynd að konur væru meirihluti brotþola í kynferðisbrota- og heimilisofbeldismálum væri fyrirbæri á heimsvísu en ekki bundið við Ísland. Að þó svo að konur væru meirihluti þeirra brotþola leiddi greining yfirlögreglustjóra á gögnum frá 2015-2020 það í ljós að enginn mælanlegur munur væri á saksóknartíðni milli kynjanna í málum þar sem karlar eða konur væru brotþolar í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum. Að hvers kyns munur á saksóknartíðni morð- og líkamsárásarmála annars vegar, þar sem sjónarvottar og líkamlegir áverkar væru algengari, og kynferðisbrotamála hins vegar, endurspeglaði þær áskoranir tengdar sönnunargögnum sem fælust í síðarnefndri tegund mála fremur en nokkra mismunun. Stjórnvöld lögðu jafnframt fram samanburðartölfræði varðandi mál þar sem nauðgun átti sér stað (194. gr. almennra hegningarlaga) og mál þar sem stórfelld líkamsárás átti sér stað (218. gr. almennra hegningarlaga) á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2013-21, og sýndu þannig fram á sambærilega saksóknartíðni. Að lokum staðhæfðu þau að tölfræði frá Stígamótum gæti ekki komið í staðinn fyrir opinber gögn, sér í lagi vegna þess að á meðal þeirra væru brot sem hefðu aldrei verið tilkynnt yfirvöldum.

85. Stjórnvöld lögðu áherslu á að tafirnar í máli kærandsans væru óvenjulegar og ekki dæmigerðar um rannsóknir heimilisofbeldis þar í landi. Þau bentu á að tilmæli 4/2017 leggðu skýra áherslu á að flýta málum og setja slík mál í forgang. Að alla vega tengdust tafirnar ekki þeirri staðreynd að brotþolin væri kona eða nokkrum öðrum mun á því hvernig lögreglan færi með mál karla og kvenna. Þau héldu því fram að það að verklagsannmarkar hefðu fundist á tilteknu máli gæfi ekki til kynna stofnanabundna mismunun. Að sú staðreynd að Ríkislögreglustjóri hefði beðist afsökunar fyrir meðferð málsins sýndi þá skuldbindingu yfirvalda að sýna ábyrgð og bæta sig fremur en nokkra stofnanabundna hlutdrægni. Þau bentu á að kærandanum hefði láðst að leggja fram neinar skýrslur eða tölfræði varðandi mismunun gegn konum á Íslandi, ólíkt því sem uppi var á teningnum varðandi þau yfirgripsmiklu gögn sem lögð voru fram í ofangreindu máli *Opuz*.

2. Mat dómsins

(a) Almennar reglur

86. Meginreglurnar varðandi mismunun í samhengi við heimilisofbeldi eru skýrt fram settar í dómaframkvæmd dómsins (sjá ofangreint mál *Opuz*, tölul.184-91; ofangreint mál *Volodina*, tölul.109-14, og til að fá nýlega samantekt, *Y og aðra gegn Búlgaríu*, nr. 9077/18, tölul. 122, 22. mars 2022, og *M.S. gegn Ítalíu*, nr. 32715/19, tölul. 54, 7. júlí 2022). Dómurinn hefur ályktað sem svo að ofbeldi gegn konum, þar á meðal heimilisofbeldi, fæli í sér tegund af mismunun. Slík mismunun gerir ekki aðeins vart við sig í skýrt

fram settri stefnu um ólíka meðferð heldur einnig í raun í málum þar sem almenn stefnumörkun eða aðgerðir hafa hlutfallslega verri áhrif á konur, hvort sem um viljandi mismunun er að ræða eður ei.

87. Þegar kærandi hefur sýnt fram á að munur sé á meðferð eða að áhrifin séu óhófleg þá er það undir varnaraðilanum, stjórnvöldum, komið að sýna fram á að sá munur sé réttlætanlegur (sjá *D.H. og aðra gegn Tékklandi* [GC], nr. 57325/00, tölul. 177 og 189, ECHR 2007-IV). Hvað varðar spurninguna um það hvað geti talist prima facie sönnunargögn sem geti varpað sönnunarbyrðinni yfir á varnaraðilann, stjórnvöld, í málarekstri fyrir dómnum eru engar verklagsreglur sem banna það að tekin séu til greina nein sönnunargögn eða gefin formúla til mats á því (sjá ofangreint mál *Volodina*, tölul. 112). Prima facie sönnunargögn um mismunun geta verið skýrslur frá félagasamtökum eða alþjóðasamtökum eða tölfræðigögn sem sýna fram á að almenn viðhorf stjórnvalda hafi getið af sér umhverfi þar sem heimilisofbeldi getur hæglega þrífist. Dómurinn hefur fundið brot gegn 14. gr. þar sem sýnt hefur verið fram á kerfisbundna vangetu til að takast á við ofbeldi gegn konum með því að leggja fram mynstur af ófullnægjandi rannsóknum í hverju málinu á fætur öðru (sjá ofangreint mál *Vieru*, tölul. 129, og *A.E. gegn Búlgaríu*, nr. 53891/20, tölul. 119, 23. maí 2023), þar sem nálgun staðaryfirvalda fól í sér samþykki á heimilisofbeldi (sjá *Eremia gegn Lýðveldinu Moldóvu*, nr. 3564/11, tölul. 89, 28. maí 2013, og *Talpis gegn Ítalíu*, nr. 41237/14, tölul. 145, 2. mars 2017) og í málum þar sem skjalfestir annmarkar eru á tilraunum til að koma í veg fyrir og berjast gegn heimilisofbeldi (sjá ofangreint mál *Opuz*, tölul. 200, og *Tkheldze gegn Georgíu*, nr. 33056/17, tölul. 56-57, 8. júlí 2021), eða þrálátar gloppur í löggjöf til verndar brotapolum sem endurspegla tregðu stjórnvalda til að gangast við alvarleika vandamálsins (sjá ofangreint mál *Tunikova og annarra*, sem vísað er til fyrir ofan, tölul. 129).

88. Hvað varðar tölfræðileg sönnunargögn hefur dómurinn sett það skýrt fram að tölfræði sem virðist, eftir að búið er að fara ítarlega yfir hana, vera áreiðanleg og virðist skipta sköpum geti talist prima facie sönnunargögn um óbeina mismunun (sjá ofangreint mál *D.H. og annarra*, tölul. 180 og 187-88). Hins vegar mun ekki sérhvert dæmi um tölfræðilegt misræmi leiða af sér ályktun um mismunun. Brotakennd, ófullkomin eða ósannfærandi tölfræðigögn duga ekki til að renna stoðum undir prima facie mál þess efnis að aðgerð eða iðja hafi falið í sér mismunun (sjá *Hugh Jordan gegn Bretlandi*, nr. 24746/94, tölul. 154, 4. maí 2001, og *Oršuš og aðra gegn Króatíu* [GC], nr. 15766/03, tölul. 152, ECHR 2010). Þar sem tölfræðigögn voru takmörkuð eða ekki til staðar hefur dómurinn notast við skýrslur um alþjóðleg viðhorf eða starfsvenjur, sem stjórnvöld á landsvísu eða alþjóðavísu hafa sett saman, sem vísbendingar um óbeina mismunun (sjá ofangreint mál *D.H. og aðra*, tölul. 191-93; ofangreint mál *Oršuš og annarra*, tölul. 153-154, og ofangreint mál *Opuz*, tölul. 193-97).

(b) Gildi í þessu máli

89. Kærandinn kvartaði undan kerfisbundinni hlutdrægni og hélt því fram að tekist væri á við ofbeldi gegn konum á annan hátt í réttarkerfinu en ofbeldi gegn karlkyns brotaþolum. Hún kvartaði einnig undan þeim óhóflegu áhrifum sem verða til af því að beita sömu nálgun gagnvart sönnunargögnum í kynferðisbrota- og heimilisofbeldismálum eins og í málum þar sem um aðra glæpi er að ræða. Þar sem kærandinn kom ekki fram með ásökun um mismunun gegn sér sem einstaklingi verður dómurinn að taka það til skoðunar hvort hún hafi sett fram prima facie sönnunargögn um kerfisbundna hlutdrægni eða óhófleg áhrif sem duga til að velta sönnunarbyrðinni yfir á stjórnvöld.

90. Óumdeilt er að kynferðislegt ofbeldi og heimilisofbeldi á Íslandi hafa aðallega áhrif á konur. Það er einnig tilfellið í öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins. Tölfræðin sem kærandinn setti fram gefur til kynna að mikill meirihluti brotaþola hafi verið konur en flestir gerendur brota hafi verið karlmenn. Hins vegar er það ekki svo að sú staðreynd, að konur verði oftast fyrir kynferðisbrotum og heimilisofbeldi, sýni endilega fram á þá staðreynd að um mismunun sé að ræða í stefnumörkun, hegðun af hálfu yfirvalda eða í óhóflegum áhrifum af almennum aðgerðum fremur en um sé að ræða umfangsmeiri samfélagslegan vanda.

91. Dómurinn bendir á að í alþjóðlegum mælingum á jafnrétti kynjanna sé Ísland ofarlega á lista og hafi innleitt ýmsar umbætur í þeim tilgangi að stemma stigu við kynferðisbrot og heimilisofbeldi, þar á meðal löggjafarumbæturnar árið 2016 þar sem grein 218b var kynnt til sögunnar og sérhæfð rannsóknarteymi voru sett saman árið 2018. Þó svo að sumar almennar aðgerðir komi ekki í raun í veg fyrir möguleikann á mismunun veita þær viðkomandi samhengi til að geta ákvarðað hvort sýnilegt misræmi verði til vegna viljandi mismununar eða yfirsjóunar.

92. Hvað varðar lagarammann var heimilisofbeldi ekki gert alfarið refsivert fyrr en grein 218b var innleidd árið 2016 en það bendir ekki endilega til þess að um mismunun hafi verið að ræða eða að hún hafi verið viljandi. Eins og bent var á fyrir ofan veitti lagaramminn áður vernd af ýmsu tagi í gegnum ákvæði um kynferðisofbeldi, líkamsárás, hótanir og stórfelldar ærumeiðingar í garð nákominna aðila, sem og þyngingu refsingar fyrir líkamsárásir sem áttu sér stað innan náinna sambanda. Umbæturnar árið 2016 endurspegluðu fremur skuldbindingu stjórnvalda til að treysta varnir gegn heimilisofbeldi en nokkra vísbendingu um mismunun með sinnuleysi.

93. Dómurinn bendir jafnframt á að í málinu sem um ræðir séu ekki vísbendingar um að lögregluþjónar eða saksóknarar hafi reynt að letja kærandann til að leggja fram kæru sína, gefið í skyn að hún gæti sjálfri sér um kennt eða sýnt af sér fordóma gagnvart kvenkyns brotaþolum (sjá *J.L. gegn Ítalíu*, nr. 5671/16, tölul. 129-30, 27. maí 2021, og samanborið við ofangreint mál *Eremia*, tölul. 86-89).

94. Kærandinn leitaðist við að sýna fram á kerfisbundna hlutdrægni og óhófleg áhrif með því að vísa til samanburðar í gögn frá ársskýrslum Ríkissaksóknara sem sýndu að saksóknartíðni í kynferðisbrotamálum væri lægri en í morð- og líkamsárásarmálum. Hún vísaði einnig til tölfræði frá Stígamótum, miðstöðvar fyrir þolendur kynferðisofbeldis, og lagði fram saksóknar- og sakfellingartíðni í málum sem félagasamtökin sáu um. Dómurinn ályktar sem svo að tölfræðigögnin sem kærandinn vísar til geti bent til mismunandi niðurstaðna og að því beri að túlka þau af gætni.

95. Dómurinn bendir í fyrsta lagi á að staðaryfirvöld búi ekki yfir tölfræði varðandi ákæru og sakfellingar í heimilisofbeldis- og kynferðisbrotamálum (sjá einnig hin takmörkuðu gögn sem stjórnvöld vísa til í 84.mgr. hér fyrir ofan). Þó svo að alþjóðlegar eftirlitsstofnanir hafi bent á þörfina fyrir umbætur í þessum eignum (sjá 34mgr., 37 og 39. mgr. fyrir ofan) bendir ekkert í þessu máli til þess að skorturinn á heildrænni opinberri tölfræði endurspegli viljandi sinnuleysi gagnvart útbreiddu samfélagsmeini (samanborið við ofangreint mál *A.E. gegn Búlgaríu*, tölul. 120 *in fine*). Að vísu er það svo að ófullkomin gögn gera mat á mismununarkæru kærands erfiðara. En þessi staða leiðir ekki í sjálfu sér til mismununar í viðhorfum eða verki. Af þessu leiðir jafnframt að þau brotakenndu tölfræðigögn sýni ekki heildstæða eða fyllilega rétta mynd af því hvernir yfirvöld fara með slík mál.

96. Í öðru lagi, sé litið til gagnanna í ársskýrslum Ríkissaksóknara, bendir dómurinn á að lægri saksóknartíðni í kynferðisbrotamálum en í morð- og líkamsárásarmálum sé hægt að útskýra út frá hlutlægum þáttum sem tengjast hvorki mismunun í viðhorfum né í verki. Í þeim morðmálum og líkamsárásarmálum sem kærandinn vísar í til samanburðar er oftast um að ræða atvik á almannafæri þar sem til staðar eru sjónarvottar og réttarfræðileg sönnunargögn. Staða sönnunargagna er efnislega ólík í slíkum málum en í dæmigerðum kynferðisbrota- eða heimilisofbeldismálum þar sem atvik eiga sér yfirleitt stað í einrúmi án þess að neinir sjónavottar séu viðstaddir. Efnisleg sönnunargögn getur einnig vantað, sér í lagi þegar brotapolar tilkynna ekki rakleiðis um atvikin eða leita sér aðstoðar læknis. Oft hverfist endursköpun málsatvika um framburði brotapolans og geranda brotsins sem greinir á. Þessar áskoranir varðandi söfnun sönnunargagna sem eru algengar í kynferðisbrota- og heimilisofbeldismálum geta haft áhrif á tíðni saksókna og sakfellinga án þess að það bendi endilega til þess að um mismunun sé að ræða. Þess vegna getur verið misvísandi að bera saman án samhengis saksóknartíðni fyrir mismunandi tegundir brota án þess að gera ráð fyrir tilteknum einkennum og kringumstæðum í hverju máli fyrir sig. Tölfræðina þar sem mismunandi tegundir glæpa eru bornar saman skortir því þá nauðsynlegu nákvæmni sem gerir dómnum kleift að ákvarða hvort misræmið í saksóknartíðni sem í ljós kemur kunni að stafa af sjálfu eðli brotanna eða af hlutdrægni eða óhóflegum áhrifum.

97. Í þriðja lagi er það svo að þrátt fyrir að tölfræðin sem kærandinn vísar til sýni fram á að konur séu meirihluti þolenda kynferðisbrota og

heimilisofbeldis sannar hún það ekki að yfirvöld fari öðruvísi yfir þau mál þar sem karlmenn eru þolendur kynferðisofbeldis eða heimilisofbeldis eða að saksóknartíðni þeirra sé önnur. Á meðan ekki eru til ítarlegri gögn sem sýna fram á það hvernig tekist er á við sambærilegar aðstæður varðandi sönnunargögn eftir kyni brotaþolans getur dómurinn ekki ályktað sem svo að tölfræðin felið í sér hlutdrægni í starfsvenjum eða stafi af kynbundnu misræmi við beitingu aðgerða sem virðast vera hlutlausar í þessum efnum.

98. Dómurinn hefur áður úrskurðað um brot gegn 14. gr. í málum þar sem tölfræðigögn voru hluti af umfangsmeira mynstri þar sem í ljós komu kerfisbundnir annmarkar hjá yfirvöldum. Í máli *Opuz* var opinber tölfræði varðandi ofbeldi gegn konum borin saman við skýrslur frá Amnesty International og öðrum samtökum sem skrásettu viðhorf í samfélögum þar sem ofbeldi gegn konum var umborið, viðhorf sem dómarar og hátt settir embættismenn höfðu oft líka. Í máli *A.E. gegn Búlgaríu* var horft til tölfræði samhliða skrásettu mynstri ófullnægjandi rannsókna í fjölmörgum málum frammi fyrir dómstólum. Í samanburði koma í þessu máli fram takmörkuð tölfræðigögn og ekki er um að ræða samsvarandi skrásetning viðhorfa innan stofnana eða kerfisbundins mynsturs mismununar.

99. Hvað varðar þær staðhæfingar kærandsans sem eftir eru varðandi prima facie rökstuðning hennar á því að um hlutdrægni eða óhófleg áhrif hafi verið að ræða, ítrekar dómurinn enn og aftur að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu að að undanskildum töfunum hafi rannsókn máls hennar verið fullnægjandi og leitt til sakfellingar gerandsans fyrir eitt brot. Jafnframt bendir dómurinn á að stjórnvöld hafa gert umbætur á almennum hegningarlögum í samræmi við alþjóðastaðla sem eru í stöðugri þróun og framkvæmd fjölda annarra aðgerða til að vernda þolendur kynferðisbrota og heimilisofbeldis, þar á meðal með því að setja lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili, með innleiðingu tiltekins verklags í rannsóknum, með stefnu varðandi forgangs röðun, með áhættumati, með sérhæfðri þjálfun lögreglu og saksóknara og samhæfingu með heilbrigðis- og félagsmálayfirvöldum. Þó svo að árangurinn af þessum aðgerðum sé breytilegur gefa þær fremur til kynna stofnanabundna skuldbindingu til að takast á við kynferðisbrot og heimilisofbeldi en kerfisbundið sinnuleysi í garð brotaþola af kvenkyni.

100. Hvað varðar þá röksemd kærandsans að það að leggja sömu sönnunarstaðla á kynferðisbrota- og heimilisofbeldismál og önnur ofbeldismál líti fram hjá sérstöku eðli þeirra bendir dómurinn á að þrátt fyrir að sérstök rannsóknarnálgun og aðrar aðgerðir sem sérsniðnar eru að þörfum þolenda kynferðisbrota og heimilisofbeldis kunni að vera æskilegar og hafi í raun verið innleiddar af staðaryfirvöldum með misgóðum árangri (sjá málsgreinar 36 og 83 hér fyrir ofan) þá gerir sáttmálinn ekki kröfu um að öðrum sönnunarstöðlum sé beitt í slíkum málum.

101. Kærandinn hélt því einnig fram að yfirvöld hefðu kerfisbundið vísað á bug sönnunargögnum sem ættu sérstaklega við um kynferðisbrota- og heimilisofbeldismál, eins og sálfræðilegt mat og framburður vitna um atburði

fyrir og eftir þau atvik sem um ræðir. Hins vegar er það enn og aftur svo að dómurinn sér engar vísbendingar um að slíkum sönnunargögnum hafi verið vísað á bug eða þau ekki verið tekin nægilega alvarlega. Sú staðreynd að slík sönnunargögn hafi ekki alltaf verið talin fullnægjandi eða líkleg til að leiða af sér sakfellingu, sérstaklega þegar þau eru vegin upp á móti réttindum til málsvarnar og fyrirframætluðu sakleysi, bendir ekki til mismununar.

102. Eftir stendur sú fullyrðing kærands að rannsóknin á heimilisofbeldiskærunum hafi markast af kerfisbundnum töfum. Þó svo að tafir í rannsóknum og framkvæmdatregða geti bent til kerfisbundinna annmarka sem bæta þurfi úr er engin vísbending um það í þessu máli að þær leiði af kynjafordómum eða óhóflegum áhrifum fremur en af mannaflavandamálum sem hafa almennt áhrif á rannsóknir í sakamálum. Í þessu tilliti bendir dómurinn einnig á að sú forgangsstefna sem yfirvöld innleiddu og sú ráðstöfun fjármuna, í kjölfar aukningar á kvörtunum frá 2017-18, til að bæta meðferð mála, sem bera vott um viðurkenningu á, og skuldbindingu til, að takast þurfi á við hvers kyns áskoranir í starfrækslumálum (sjá málsgreinar 36 og 51 hér fyrir ofan).

103. Dómurinn gengst við þeim tilteknu áskorunum sem felast í að reka heimilisofbeldismál og mikilvægi þess að tryggja brotaþolum nægilega vernd. Hins vegar nægja þessar áskoranir, sem eru algengar í hinum ýmsu umdæmum, ekki einar og sér til þess að renna stoðum undir prima facie rökstuðning varðandi mismunun á meðan ekki eru til staðar sönnunargögn um meðferð sem litast af fordómum eða óhóflegum áhrifum. Þó svo að við vekjum máls á áhyggjuefnum varðandi söfnun sönnunargagna sem yfirvöld ættu að bregðast við þá dugir sú þurrð tölfræðigagna, sem kærandinn tilgreinir, ekki til sem prima facie sönnunargagn um kerfisbundna fordóma eða óhófleg áhrif. Enn fremur er það svo að þrátt fyrir að athugasemdir alþjóðlegra eftirlitsstofnana bendi á rými fyrir umbætur, þá gefa þær ekki til kynna viðhorf eða starfsvenjur innan stofnana sem litast af mismunun kvenkyns þolenda heimilisofbeldis (samanborið við ofangreint mál *D.H. og annarra*, tölul. 192; ofangreint mál *Oršuš og annarra*, tölul. 154, og ofangreint mál *Opuz*, tölul. 197). Séu einnig teknar með í reikninginn ýmiss löggjöf og stefnumörkunaraðgerðir sem yfirvöld hafa innleitt til að stemma stigu við kynferðisbrot og heimilisofbeldi, koma í veg fyrir refsileysi og vernda brotaþola, er niðurstaða dómsins sú að kærandinn hafi ekki fært prima facie sönnur á að um hafi verið að ræða kerfisbundna fordóma eða óhófleg áhrif sem duga myndu til að velta sönnunarbyrðinni yfir á ríkið.

104. Því hefur ekki átt sér stað neitt brot gegn 14. gr. sáttmálans sem farið var yfir samhliða 3. gr. og 8. grein.

III. GILDISSVIÐ 41. GREINAR SÁTTMÁLANS

105. 41. gr. sáttmálans kveður á um eftirfarandi:

„Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf hinna háu viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Tjón

106. Kærandinn lagði fram kröfu um 25.000 evrur fyrir tjón af öðrum toga en fjártjón og einnig, fyrir fjárhagslegt tjón, 434.450 kr. (2926 evrur) fyrir meðferðarkostnað sem hún hefur þurft að leggja út eftir að málið hennar fyrndist og 448.520 kr. (3020 evrur) fyrir þann lögmannskostnað sem hún þurfti að leggja út eftir að hún missti lögmanninn sem henni var skipaður af ríkinu þegar fyrningarfresturinn rann út á heimilisofbeldiskærum hennar.

107. Stjórnvöld héldu því fram að sú niðurstaða að brot hafi átt sér stað ætti að fela í sér sanngjarnar bætur fyrir allt tjón af öðrum toga en fjártjón. Þau litu þau svo á að, hvað sem öðru líður, væru þær upphæðir sem krafa hafði verið lögð fram um óhóflegar og ekki í samræmi við dómaframkvæmd dómsins í sams konar málum og héldu því fram að lækka bæri þær talsvert ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu að skaðabætur fyrir slíkt tjón væru viðeigandi. Varðandi kröfur kærandans um skaðabætur fyrir fjárhagstjón bentu stjórnvöld á að þær kröfur væru studdar af reikningnum og fullyrtu að það væri dómsins að meta hvort veita bæri slíkar skaðabætur ef ályktað væri sem svo að brot hefði átt sér stað.

108. Varðandi kröfurnar um skaðabætur fyrir fjártjón bendir dómurinn á að þó svo að kærandinn hafi lagt fram reikninga fyrir sálfræðimeðferðarkostnaði og lögmannskostnaði komi hann ekki auga á bein orsakatengsl á milli þessa kostnaðar og þess verklagsbrots sem átti sér stað. Sálfræðimeðferðarkostnaðurinn virðist tengjast meðferð fyrir það undirliggjandi sálræna áfall sem meintar líkamsárásir leiddu af sér fremur en verklagsannmörkum rannsóknarinnar. Á sama hátt var ekki hægt að sanna að annar lagakostnaður væri bein og nauðsynleg afleiðing af þeim tölum sem áttu sér stað í rannsókninni. Því kveður dómurinn ekki á um neinar skaðabætur fyrir fjárhagslegt tjón.

109. Hvað varðar skaðabætur fyrir tjón af öðrum toga en fjártjón úrskurðar dómurinn, á jafnræðisgrundvelli, sem svo að kærandanum beri að hljóta 7500 evrur að viðbættum hverjum þeim skatti sem kann að vera lagður á þá upphæð.

B. Kostnaður og útgjöld

110. Fyrir kostnað og útgjöld sem lögð voru fram fyrir dómstólnum krafðist kærandinn 762.602 kr. (5135 evra). Þá upphæð höfðu Stígamót, samtök til verndar þolenda kynferðisofbeldis, reitt fram fyrir hennar hönd. Í takt við samning hennar við Stígamót hafði kærandinn lýst því yfir að allur

kostnaður sem dómurinn veitti sem sanngjarnar bætur fyrir kostnað og útgjöld við málsmeðferð frammi fyrir dómstólnum yrði endurgreiddur Stígamótum.

111. Stjórnvöld samþykktu að þó svo að skriflegur samningur kærandsins við Stígamót hefði ekki verið lagður fram (aðeins sú yfirlýsing hennar um endurgreiðsluna) væri kostnaðurinn hóflegur og gat þess að ef dómurinn ályktaði sem svo að brot hefði verið framið væri það dómsins að meta hvort veita bæri kostnað og útgjöld á grundvelli þeirra gagna sem lögð hefðu verið fram.

112. Dómurinn ítrekar enn og aftur í samræmi við 41.gr. sáttmálans að kæranda ber aðeins að fá endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að svo miklu leyti sem kærandinn hefur í raun þurft að leggja út og að svo miklu leyti sem telst hóflegt að magni (sjá *Merabishvili gegn Georgíu* [GC], nr. 72508/13, tölul. 370-71, 28. nóvember 2017). Þar sem kostnaðurinn hefði í þessu máli verið borinn af þriðja aðila og þar sem kærandinn hefur ekki bent á lagalega skyldu til að endurgreiða Stígamótum og þar til skaðabætur fyrir kostnað eru veittar, úrskurðar dómurinn sem svo að kærandinn hafi í raun ekki lagt út þessi útgjöld. Yfirlýsing ein og sér um að vilja endurgreiða, að því gefnu að dómurinn veiti skaðabætur fyrir kostnað, er ekki nóg til að koma því á hreint að kærandinn hafi persónulega staðið straum af kostnaðinum sem um ræðir. Því veitir dómurinn engar fébætur í þessu atriði málsins.

AF FRAMANGREINDUM ÁSTÆÐUM ER ÞAÐ SVO AÐ DÓMSTÓLLINN, EINRÓMA,

1. *Lýsir því yfir* að kæran sé tæk,
2. *Ályktar* sem svo að brot hafi átt sér stað gegn verklagsanga 8. gr. sáttmálans,
3. *Ályktar* sem svo að ekki hafi átt sér stað neitt brot gegn 14. gr. sáttmálans sem farið var yfir samhliða 3. gr. og 8. gr.,
4. *Ályktar*
 - (a) sem svo að varnaraðilinn ríkið eigi að greiða kærandanum, innan við þremur mánuðum frá þeirri dagsetningu þegar dómurinn verður endanlegur í samræmi við 2. mgr. 44. gr. sáttmálans, 7500 evrur (sjö þúsund og fimm hundruð evrur), að viðbættum hvers kyns skatti sem kann að vera lagður á þá upphæð, fyrir tjón af öðrum toga en fjárhagslegt, sem breyta ber í gjaldmiðil varnaraðilans ríkisins, á því gengi sem við lýði er á dagsetningu uppgjörsins;
 - (b) að frá því að framangreindir þrír mánuðir eru liðnir frá þeirri dagsetningu fram að uppgjöri skulu vextir greiðast ofan á fyrrgreindar

upphæðir á gengi sem jafngildir daglánataxta Seðlabanka Evrópu á vanskilatímabilinu, auk þriggja prósentustiga,

5. *Vísar frá* afganginum af kröfu kærandans um sanngjarnar bætur.

Gert á ensku og sett fram skriflega þann 26. ágúst 2025 í samræmi við tölul. 2 og 3 í 77. reglu dómstólsins.

Hasan Bakırcı
Ritari

Arnfinn Bårdsen
Forseti